

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis nr. 532/2009.

#### 1. gr.

1. og 2. mgr. 2. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Tímagjald	kr. 9.000
Gjald fyrir rannsókn á hverju sýni sbr. eftirlitsáætlun	kr. 12.500

#### 2. gr.

Gjöld skv. viðauka gjaldskrárinnar hækka hlutfallslega í samræmi við ofangreinda breytingu.

Auglýsing þessi er samin með heimild í 8. gr. tóbaksvarnarlaga nr. 6/2002 með síðari breytingum, samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, sbr. lög nr. 59/1999 með síðari breytingum og samkvæmt X. kafla laga um matvæli nr. 93/1995 með síðari breytingum. Gjaldskrárbreyting þessi var samþykkt í heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis þann 14. desember 2010 og öðlast gildi við birtingu. Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar sama efnis nr. 159/2011.

*Mosfellsbæ, 7. mars 2011.*

**Þorsteinn Narfason,**  
framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.